

Fundargerð 32. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2018, fimmtudaginn 18. janúar kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman í bæjarráðssal að Strandgötu 6.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Birna Ólafsdóttir, Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir og Siguður P. Sigmundsson.

Fundinn sátu einnig Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Staða á viðræðum við velferðarráðuneytið um fjölgun rýma.

Bæjarstjóri sat fundinn undir þessum lið og fór yfir stöðu mála varðandi samskipti við velferðarráðuneytið vegna beiðni um fjölgun hjúkrunarrýma. Krafa sveitarfélagsins um fjölgun rýma var ítrekuð í bréfi til ráðuneytisins og m.a. var óskað eftir fundi með heilbrigðisráðherra vegna málsins, sjá fylgiskjal. Svar hefur borist og er fyrirhugaður fundur með ráðherra þann 9. febrúar n.k. Bæjarstjóri upplýsti einnig að óskað hefur verið eftir viðræðum við embættismenn ráðuneytisins vegna óvissuþátta er varða húsnæðið að Sólvangi.

2. Staða verkefnisins.

Verkið er 7 vikum á eftir áætlun eins og fram kom á síðasta fundi.

Verkefnastjórnin telur að seinkun á verkinu sé óásættanleg. Ítrekuð er bókun síðasta fundar verkefnastjórnarinnar þar sem farið er fram á að verkáætlun sé uppfærð. Ný verkáætlun liggja fyrir í síðasta lagi 15. febrúar n.k.

Rætt um efstu tengibygginguna á gamla Sólvangi og hvort þörf sé á slíkri tengingu. Ákvörðun frestað milli funda og kallað eftir nánari upplýsingum frá umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþj. upplýsti að vinna er farin af stað vegna aðaluppdráttar á fyrstu og annarri hæð gamla Sólvangs.

3. Félag eldri borgara í Hafnarfirði og Öldungaráð Hafnarfjarðar sendu frá sér áskorun í nóvember 2017 þar sem tekið er undir framkomnar kröfur á stjórnvöld um að þau hraði sem mest uppbyggingu hjúkrunarrýma fyrir eldri borgara. Bent er á að Hafnarfjarðarbær hefur þegar sótt um fjölgun fyrir allt að 33 rýmum á Sólvangi sem býður enn afgreiðslu stjórnvalda, sjá fylgiskjal. Lögð er áhersla á að áskorunin frá Öldungaráði og FEBH fylgi með gögnum til ráðherra og velferðarráðuneytisins til frekari stuðnings.

Fundi slitið kl. 17.